

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag fyrir miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði.*

Skipulagssvæðið er um 8,5 ha að stærð og skiptist annars vegar í um 5,8 ha hafnar- og iðnaðarsvæði og hins vegar í um 2,7 ha miðsvæði og er landið í eigu Vopnafjarðarhrepps.

Í gildi er deiliskipulag fyrir umrætt svæði og verður hluti þess sem er innan sama svæðis fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Sá hluti eldra skipulags sem í gildi er samkvæmt skipulagsáætlun sem samþykkt var 29. janúar 2009 og er utan skipulagsmarka deiliskipulags miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði heldur gildi sínu.

Samþykkt í hreppsnefnd 17. október 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Seyðisfirði, 2. janúar 2020.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2020